

Mánudaginn 10. júní 1996 kl. 13:00

76. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/1996

**Kvörtun yfir kynningu á fyrirtæki
í dreifibréfi frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis
til húsráðenda í Mosfellsbæ**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Hinn 10. maí 1996 barst Samkeppnisstofnun óformleg kvörtun í tilefni dreifibréfs frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, dags. 1. maí 1996, sem dreift var til húsráðenda í Mosfellsbæ. Í bréfinu eru húsráðendur minntir á þá skyldu sína að koma sorpkassa eða sorpíláti af viðurkenndri gerð fyrir við hús sín. Þá segir í dreifibréfinu:

„Bent er á að Bæjarblikk hf. á Álafossvegi 40 býður nú sorpkassa fyrir einn poka á kr. 10.500-, gegn framvísun þessa bréfs.

Hægt er að fá kassana senda heim og setta upp gegn sanngjörnu gjaldi. Sími hjá Bæjarblikki hf. er 566 8070.“

Undir bréfið ritar heilbrigðisfulltrúi Mosfellsbæjar, Seltjarnarness, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

2.

Hinn 13. maí sl. sendi Samkeppnisstofnun bréf til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis þar sem kvörtuninni var lýst og óskað eftir umsögn og athugasemdum eftirlitsins. Svar Heilbrigðiseftirlitsins er dagsett 17. maí sl. Þar kemur fram að dreifibréf, svipuð því sem kvartað er yfir, hafi verið send út árlega að undanfögnu. Sorpílát séu ekki afhent af bæjarfélaginu og verði íbúar

að sjá um þau mál sjálfir. Ílátin verði að standast heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990. Þá segir í bréfinu:

„Ástæða þess að bent er á tilgreint fyrirtæki í Mosfellsbæ er sú að sorpkassar frá þessu fyrirtæki hafa verið samþykktir af heilbrigðiseftirlitinu, því ekki er sama hvernig þessar kassar eru gerðir. Það er því verið að reyna að stuðla að betra hreinlæti með því að benda fólki á að versla við þetta fyrirtæki.

Það er þó ítrekað að hér er aðeins bent á þetta fyrirtæki, fólk er engan veginn skyldað til að kaupa af þessu fyrirtæki. Aðilar sem hafa verslað við önnur fyrirtæki hafa iðulega hringt í eftirlitið og lýst þeim kössum sem það hefur ætlað að kaupa og hafa þeir þá verið samþykktir ef gerðin er talin nægilega góð.

Önnur ástæða fyrir því að bent var á þetta fyrirtæki er, að venjan var í eldri dreifibréfum að benda fólki á að tala við Áhaldahús bæjarins, sem myndi geta útvegað sorpkassa af viðurkenndri gerð og voru þá kassarnir fengnir frá umræddu fyrirtæki.

Síðan þótti einfaldara að fólk snéri sér beint til fyrirtækisins og því var farið að benda á það í dreifibréfum.“

II.

Niðurstöður

1.

Kvörtunin sem hér er til umfjöllunar snýr að því hvort Heilbrigðiseftirliti Kjörsarsvæðis sé, með vísan til samkeppnislaga, heimilt, í dreifibréfi til húsráðenda í Mosfellsbæ, að benda á ákveðið fyrirtæki, Bæjarblikk hf., sem seljanda sorpkassa og jafnframt að með framvísun dreifibréfsins sé hægt að fá vöruna á sérstöku tilgreindu verði. Í dreifibréfinu er ekki getið um aðra seljendur sorpílata, þó að ljóst megi vera að þeir séu til staðar. Þá kemur fram í gögnum málsins að undanfarin ár hafi viðskiptum húsráðenda verið beint til þessa fyrirtækis og að áður fyrr, þegar Áhaldahús Mosfellsbæjar sá um útvegum sorpkassa fyrir húsráðendur, hafi viðskipti Áhaldahússins verið við Bæjarblikk hf.

2.

Markmið samkeppnislaga er samkvæmt 1. gr. laganna að efla virka samkeppni í viðskiptum m.a. með því að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Með því að benda á eitt ákveðið fyrirtæki sem seljanda sorpkassa, þegar fleiri seljendur sambærilegra íláta eru á markaðnum, og auglýsa sérstakt verð á kassanum hjá fyrirtækinu sem bent er á gegn framvísun dreifibréfs Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fer Heilbrigðiseftirlitið gegn markmiði samkeppnislaga. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis er opinber stofnun sem hefur eftirlit með öllu því er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti á því svæði sem dreifibréfið með kynningu á tilteknum seljanda sorpílata var borið út. Heilbrigðiseftirlitið getur því með athöfnum sínum á augljósan hátt haft veruleg bein og óbein áhrif á þann markað sem hér um ræðir, þ.e. markaðinn fyrir sorpílát í Mosfellsbæ. Það er skoðun Samkeppnisráðs að eðlilegt sé að stjórnvald eins og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis setji hlutlægar reglur um gerð sorpílata og hvaða eiginleika þau þurfi að uppfylla sbr. 42. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

Með kynningu þeirri á sorpílátum frá tilteknum seljanda sem hér er til umfjöllunar hefur Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis að áliti Samkeppnisráðs óæskileg og með öllu óþörf áhrif á markaðinn fyrir sorpílát í Mosfellsbæ og stuðlar að því að valkostum neytenda fækkar og keppinautar útilokast frá markaðnum. Með þessum athöfnum sínum getur Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis að mati Samkeppnisráðs haft skaðleg áhrif á samkeppnina á viðkomandi markaði. Brýtur það gegn 17. gr. samkeppnislaga en þar segir m.a. að Samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn atöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geti m.a. falist í því að valkostum viðskiptavina fækki og keppinautar útilokist frá markaðnum.

III.

Ákvörðunarorð:

„Kynning Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis á tilteknu fyrirtæki sem selur sorpílát og auglýsing eftirlitsins á verði sorpílata frá sama fyrirtæki sem birtist í dreifibréfi til húsráðenda í Mosfellsbæ í maí 1996 er til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppnina á viðkomandi markaði.

Með vísan til 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir Samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis að látið verði af kynningu einstakra fyrirtækja sem selja sorpílát nema öllum þeim sem selja slík ílát verði gert jafnhátt undir höfði.“